Fjallkonan frá Dýrafirði

Kristín Dahlstedt Jónsdóttir fæddist þann 14. september 1876 í Botni í Dýrafirði. Henni var spáð langri ævi og mikilli gæfu, þar sem hún fæddist í sigurkufli. Átján ára gömul kynnist hún Magnúsi Hjaltasyni, skáldinu frá Þröm og fyrirmyndinni að Ólafi Kárasyni, Ljósvíkingi í skáldsögu Halldórs Laxness – *Heimsljósi.* Sambandi þeirra lauk þegar skáldið treysti sér ekki að leggja út fyrir trúlofunarhringjunum. Magnús vitjaði hennar þó í draumi síðar ásamt fjallkonunni og ákvað Kristín eftir það að nefna veitingastaði sína Fjallkonuna.

Haustið 1898 sigldi Kristín til Danmerkur með danska kútternum Daníu og borgaði farið með tveim dilkskrokkum. Hún starfaði næstu árin á hótelum á Jótlandi og síðar í Kaupmannahöfn. Hún kom aftur til Íslands haustið 1905 með Kong Tryggve og hafði þá hlotið góða menntun og starfsreynslu á hótelum og veitingastöðum í Danmörku.


Kristín var strax ráðin til starfa á nýreistu glæsihóteli við Austurstræti – Hótel Reykjavík. Hún vildi hins vegar ráða sér sjálf og hóf fljótlega rekstur á eigin veitingastað að Laugavegi 68. Hún átti síðan eftir að reka eina fimm veitingastaði við Laugaveginn undir heitinu Fjallkonan.

Kristín gerðist brautryðjandi um margt og innleiddi nýjungar s.s. gas til ljósa og eldamennsku. Hún fékk þekkta tónlistarmenn – íslenska og danska til að leika á veitingastöðunum, starfsfólk var uppábúið og svo keypti hún bifreiðar og hóf akstur með fólk milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þá rak hún sumarveitingastaði í Baldurshaga við Suðurlandsveg og við gamla Fáksvöllinn vestan Elliðaáa.


Síðast rak hún veitingastað við Tryggvagötu og hætti veitingastörfum rúmlega sjötug eftir 50 ár á þeim vettvangi. Það gekk á ýmsu og hún kynntist bæði háum sem lágum. Líklega hefur enginn Íslendingur sett meiri svip á veitingarekstur inn á fyrri hluta 20. aldar en Kristín Dahlstedt. Aldrei brast hana kjarkinn og alltaf reis hún upp aftur eftir áföll, bæði í rekstri og persónulegu lífi.

Ævisaga Kristínar Dahlstedt kom út árið 1961 og þykir með merkari ævisögum, ekki síst úr röðum kvenna. Hún eignaðist þrjú börn: Ingibjart, Ingibjörgu og Jón og ól upp fósturdóttur, Kristínu, og giftist árið 1914, Axeli Dahlstedt. Kristín lifði langa ævi og andaðist 29. september 1968 – 92 ára.

Í lok ævisögu sinnar segir hún: „Ég hef ekki þurft að vísa svöngum frá húsdyrum mínum. Það hefur verið mín lífsgleði. Þess vegna get ég litið glöð yfir farinn veg og verið sátt við bæði Guð og menn“.







Veitingastaðir og hús tengd Kristínu Dahlstedt veitingakonu í Reykjavík

10 Vesturgata 17a
Þar réðst Kristín fyrst til starfa sem matráðskona haustið 1905 eftir að hún kom frá Danmörku. Þar var Hótel Reykjavík og eigendur: Margrét og Einar Zoëga, tengdaforeldrar Einars Benediktssonar. Húsið brann nokkru fyrir 1940 og nýtt steinhús byggt 1953.

8 Austurstræti 12
Hótel Reykjavík fluttist í nýtt glæsilegt hús haustið 1905 milli Austurstrætis, Pósthússtrætis og Austurvallar. Sömu eigendur voru og á Vesturgötu 17. Húsið 2 hæðir og ris. Húsið brann í miklum bruna 1915, alls 10 hús. Kristín vann þar til 14. maí 1906. Nú eru þarna húsin Austurstræti 12 og 12a. Kjarval hafði lengi vinnustofu í Austurstræti 12.

3 Laugavegur 68, nú Laugavegur 66
Tók húsið á leigu og hóf þar veitingasölu 11. júní 1906. Húsið tvær hæðir og ris. Veigingasalurinn á fyrstu hæðinni. Eigandi hússins var Gísli Þorbjarnarson búfræðingur. Kristín hætti veitingarekstri þarna haustið 1907 og flutti aftur til Danmerkur, þá trúlofuð Adolfi Nielsen, yfirhofmeistara á Islands Falk. Húsið á Laugavegi 68 síðar rifið ásamt næsta húsi nr. 66 og byggt stórhýsi sem enn stendur og ber númerið Laugavegur 66.

1 Laugavegur 23
Kristín kom aftur til Íslands 20. september 1910 og fljótlega eftir það keypti hún húsið að Laugavegi 23 og hóf þar veitingarekstur. Þar var veitt leyfi fyrir byggingu tvílyfts timburhúss árið 1898. Kristín keypti húsið af séra Lárusi frá Selárdal. Hún seldi húsið 1915, Pétri Hjaltested og hann flutti þangað úrsmíðavinnustofu sína. Síðar var þar lengi verslunin Málning- og Járnvörur. Nú er þarna Fjallkonubakaríið en hér tók Kristín upp nafnið Fjallkonan á kaffi-og veitingastöðum sínum.

4 Laugavegur 20b
Kristín keypti næst húsið að Laugavegi 20b í skiptum við Pétur Hjaltested. Þetta hús var í raun húsasamstæða upp með Frakkastíg og mikið af íbúðum í húsinu. Þarna var svo opnaður glæsilegur veitingastaður haustið 1915. Þórarinn Guðmundsson, fiðluleikari og tónskáld lék þarna fyrir gesti og eins dönsk hljómsveit. Líklega 1920 selur hún og maður hennar Axel Dahlsted húsið. Húsið er byggt 1903 og stendur enn. Í því hefur verið margs háttar starfsemi, en mest verslanir. Náttúrulækningafélag Íslands átti húsið í áratugi. Eitt merkasta húsið við Laugaveg.

14 Baldurshagi
Líklega 1920 kaupa þau timburhús og landskika austan við Rauðavatn og rétt sunnan Suðurlandsvegar sem kallaðist Baldurshagi. Seljandi var Garðar Gíslason stórkaupmaður. Þar rak hún veitingastað til haustsins 1921. Þá var staðurinn seldur og flutt þaðan 1. október. Baldurshagi var þá mjög afskekktur. Nú er þarna hesthúskofi, en í fjölda ára var þarna hjólkoppasala og margir kannast við.

7 Skólavörðustígur 19
Þau Kristín og Axel kaupa næst húsið að Skólavörðustíg 19 af Runólfi Stefánssyni frá Holti. Þegar þangað kom 1. október 1921 var húsið ekki laust og Kristín rifti kaupsamningnum í kjölfarið. Um langt skeið hafði dagblaðið Þjóðviljinn starfsaðstöðu sína í húsinu.

2 Laugavegur 49
Í ársbyrjun 1922 opnaði Kristín veitingastað að Laugavegi 49. Húsið var þá nýbyggt og lét hún ganga frá fyrstu hæðinni fyrir veitingastað, en leigði auk þess íbúð í húsinu. Eigandi var Gísli Hjálmarsson. Þegar hún skoðaði staðinn fyrst var vatn yfir öllu gólfinu. Til að auka aðsóknina fékk hún Ingmund fiðlu að leika fyrir gesti og kona hans söng. Húsið kallaðist þá Ljónið og heitir enn þann dag í dag. Þegar leigutíminn var útrunninn 1925, samdist ekki um áframhaldandi leigu. Árið 1931 eignaðist Sigurður Þ. Skjaldberg húsið og rak þar verslun í fjölda ára.

5 Laugavegur 11
Þeir bræður Sturla og Friðrik Jónssynir létu byggja steinhús á Laugavegi 11 um 1920 en síðan eignaðist Helgi Helgason, líkkistusmiður húsið. Þau Axel tóku fyrstu hæðna á leigu af honum árið 1925 og létu innrétta fyrstu hæðina fyrir veitingastað. Hann var svo rekinn undir nafni Fjallkonunnar í nokkur ár eða til haustsins 1928. Þá samdist ekki um áframhaldandi leigu. Danskur maður, Olsen tók þá við og breytti nafninu í White Star. Síðan eignuðust Silli og Valdi staðinn og þar var vinsæll samkomustaður listamanna og lífskúnstnera á sjötta áratugnum. Nú er þarna veitingahúsið Italía.

6 Skólavörðustígur 12
Þarna var byggt hús árið 1875 og lengi rekinn kaffi- og veitingastaður undir nafninu Geysir. Var þar stundum sukksamt og meðal gesta var Þórður Malakoff. Þau Axel tóku staðinn á leigu haustið 1928 og ráku þar matsölu til vorsins 1931. Litlu síðar var byggt þarna stórhýsi og KRON – Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis var þar lengi til húsa. Um tíma bjó Einar Olgeirsson alþingismaður í húsinu. Beint á móti Skólavörðustíg 12 er Hegningarhúsið og kom það sér stundum vel.

13 Skeiðvallarskálinn við Elliðaár
Þau Kristín og Axel keyptu hús við gamla skeiðvöllinn inn við Elliðaár vorið 1931 og opnuðu þar veitingastað. Var staðurinn kallaður Skeiðvallarskálinn. Hestamenn ömuðust við staðnum og Jón Þorláksson borgarstjóri lét bæinn kaupa húsið. Þetta var líklega haustið 1932 og húsið var þá rifið og byggt hús í Sogamýri í staðinn. Þangað var flutt um veturinn, en ekki er vitað hvar húsið var. Á svipuðum slóðum við Elliðaárnar var síðar byggður veitingastaður og hét um skeið Sprengisandur og nú Grillhúsið.

9 Mjóstræti 6
Árið 1918 var byggt steinhús að Mjóstræti 6 sem enn stendur. Þangað fluttu þau Axel líklega vorið 1933 og settu upp veitingastað. Eigandi hússins var Engilbert Hafberg. Þarna var áður Prentsmiðjan Acta. og síðar önnur prentsmiðja – PÁS. Líklega í mars 1934 missti Kristín veitingaleyfið með ákvörðun Hermanns Jónassonar, þá lögreglustjóra og síðar forsætisráðherra sama ár. Sprúttsalar munu hafa búið í húsinu. Fyrsta maí þetta ár flutti fjölskylda Kristínar úr húsinu.

11 Tryggvagata 6, nú Tryggvagata 14
Kristín samdi nú líklega vorið 1934 við Þórarinn Guðmundsson fiðluleika um að leigja kjallara að Tryggvagötu 6, en hann átti húsið. Þar var áður Sjómannastofan. Þarna rak hún veitingastað til 1947, þegar hún hætti veitingastörfum eftir 50 ár. Hún fékk veitingaleyfið aftur með leyfi Kristjáns konungs X. Veitingastofan á Tryggvagötu var kölluð Veitingastofan Tryggvagata 6. Lengst af átti útgerðarfélagið Alliance húsið. Húsnúmerum var breytt við Tryggvagötu og nú er áður Tryggvagata 6, Tryggvagata 14. Það er timburhús og þar rekin veitingastaður í dag, líklega tælenskur.

12 Lindargata 56
Á fimmta áratugnum keypti Kristín húsið að Lindargötu 56 ásamt Jóni syni sínum. Þangað flutti hún 1947 og þar bjó hún á efri hæðinni, þar til hún flutti á elliheimilið Grund. Þar lést hún árið 1968.

FJALLKONAN FRÁ DÝRAFIRÐI

Kristín Dahlstedt

VEITINGAKONA



Sögumiðlun ehf. | www.sogumidlun.is